

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-72/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. september 2015 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi efni að fullu kaupsamning um bifreiðina, ásamt því að álitsbeiðandi krefst skaðabóta.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 24. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 8. október. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 5. september sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að 15. júní 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 2.800.000. Var bifreiðin af gerðinni Mitsubishi Lancer Evolution 9 MR, fyrst skráð 7. september 2007. Á kaupdegi hafði bifreiðinni verið ekið 115.000 km. Segir álitsbeiðandi að í kaupsamningi komi fram að seljandi ætli að afhenda álitsbeiðanda hliðarrúðu, innréttingu, miðstöð og hólf, varadekk, tjakk og felgulykil. Segist kaupandi ekki hafa fengið neitt af þessu, utan rúðuna, afhent. Þá segir álitsbeiðandi að auk þessa hafi komið í ljós að klippt hafi verið á rafkerfi fyrir miðstöð bifreiðarinnar og það kosti um kr. 110.000 að laga það. Segir álitsbeiðandi næst að honum hafi verið tjáð við kaupin að búið væri að lagfæra olíuleka á gírkassa. Bifreiðin hafi engu að síður reynst leka olíu og skoðun á verkstæði hafi leitt í ljós að viðgerðin var ófullnægjandi. Eins logi vélarljós í mælaborði ekki aðeins af þeim ástæðum sem seljandi hafði tilgreint, þ.e. vegna ónýtra súrefnisskynjara, heldur einnig fleiri atriða. Þá segir álitsbeiðandi að í auglýsingu með bifreiðinni hafi verið tekið fram að nýlega hefði verið skipt um tímareim og kúpling, auk þess sem gírkassi væri nýupptekinn. Segist álitsbeiðandi hafa óskað eftir staðfestingum á viðgerðunum, en ekki fengið slík gögn afhent. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhenti honum bæði framangreind gögn auk varahluta, ásamt því að greiða sér bætur vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir í tengslum við kaupin.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er staðfesting verkstæðis á að gírkassi bifreiðarinnar sé ekki í lagi, myndir af rafkerfi fyrir miðstöð, ástandsskoðunarskýrsla, dags. 12. júní 2015, en þar koma fram ýmsar athugasemdir við ástand bifreiðarinnar, afrit af kaupsamningi og afsali vegna kaupa á bifreiðinni, sem og afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við kæruneftndina.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 15. júní 2015 fyrir kr. 2.800.000. Bifreiðin er árgerð 2007 og fyrsti skráningardagur hennar 7. september 2007. Bifreiðin var því tæplega 8 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 115.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 15. júní 2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið er selt í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Slík skoðun var framkvæmd hinn 12. júní 2015. Í skoðunarskýrslunni kemur m.a. fram að þúst bifreiðarinnar sé þannig úr garði gert að bifreiðin fái ekki skoðun, að upplýsingar vanti um tímareimaskipti, að ljósabúnaður virki ekki sem skyldi, dekk séu léleg, bifreiðin sé srkád í slysaskrá, stýring fjórhjóladrifs virki ekki, afturrúða sé brotin, vélarljós logi stöðugt, leiðslur í súrefnisskynjara séu í sundur, olíuleki sé á samskeytum gírkassa og vélar, hluti af innréttingu bifreiðarinnar vanti, demparar séu lélegir o.fl. Engar upplýsingar liggja fyrir um hvort kaupverð bifreiðarinnar sé hærra eða lægra en gengur og gerist með samskonar bifreiðar.

Í kaupsamningnum segir einnig að seljandi lofi að afhenda rúðu, sem hann hefur þegar gert og innréttingu, miðstöðvarstýringu, hólfi, varadekk, lyftara og felgulykil, en þeir hlutir hafa ekki verið afhentir. Hvað varðar upplýsingar, þ.e. reikninga og kvittanir, fyrir viðgerðum sem fóru fram á bifreiðinni þegar hún var í umráðum seljanda og álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi afhendi, þá hefði álitsbeiðandi verið í lófa lagið að tilgreina þá kröfu sína í kaupsamningi. Það gerði hann ekki og mun kærunefndin því ekki taka frekari afstöðu til skyldu seljanda til að láta téðar upplýsingar eða gögn af hendi.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Líta verður á kröfu álitsbeiðanda í málinu sem skaðabótakröfu. Fjárhæð bótanna verður að meta að álitum. Álitsbeiðandi bendir á að áætlaður kostnaður vegna lagfæringu rafkerfis sé um 110.000. Engar upplýsingar liggja fyrir um áætlaðan kostnað í tengslum við viðgerð á girkassa, né öðrum þáttum bifreiðarinnar. Þá verður að líta til þess að bifreiðin sem um ræðir var töluvert ekin og , tæplega 8 ára gömul og í fremur slæmu ástandi þess utan. Eru bætur því metnar hæfilegar kr. 400.000. Þá er seljanda og skylt að afhenda álitsbeiðanda innréttingu, miðstöðvarstýringu, hólfi, varadekk, lyftara og felgulykil.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 400.000 ásamt því að afhenda honum innréttingu, miðstöðvarstýringu, hólfi, varadekk, lyftara og felgulykil fyrir bifreiðina xx-000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson